

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

919. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 12. september 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarstjóri mætir á fundinn** – frestað til næsta fundar.
2. **1609030 Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu** dags. 6. september sl. Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/2017. Umsóknarfrestur er til 10. október nk. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn.
3. **1609042 Bréf frá Kítón**
Erindinu er frestað.
4. **1609033 Skólabúðirnar á Reykjum – starfsskýrsla og rekstrarupplýsingar**
Lagt fram kynningar skv. samningi rekstraraðila búðanna við Húnaþing vestra.
5. **1608061 Löggæsla í Húnaþingi vestra.** Gögn hafa borist frá lögreglustjóra Norðurlands vestra um vaktfyrirkomulag lögreglunnar. Samkvæmt því er uppsetning á vöktum þannig að á tveimur vöktum eru 4 lögreglumenn á annarri stöðinni en 3 lögreglumenn á hinni stöðinni. Þegar fullmannað er þá eru því alls sjö lögreglumenn að vinna hvern dag. Fram kom á fundi með lögreglustjóra að ekki til fjármagn til að kalla menn út á aukavaktir þegar um forföll er að ræða og því hefur komið fyrir að aðeins einn lögreglumaður er starfandi á svæðinu sem nær frá miðri Öxnadalsheiði að miðri Holtavörðuheiði. Þá er unnið að þjálfun starfsmanna s.s. skot- og valdbeitingaþjálfum á venjubunum vöktum starfsmanna sem gerir viðbragðstíma lengri en annars. Enn er verið að bíða eftir gögnum frá lögreglu um samskipti við 112 þann 24. ágúst sl., daginn sem bíll fór í höfnina á Hvammstanga, og áhættumat sem gert hefur verið fyrir svæðið. Ráðherra hefur staðfest fundartíma þann 21. september nk. um löggæslumál í Húnaþingi vestra.
6. **Flugvöllurinn í Reykjavík.**
Byggðaráð Húnaþings vestra mótmælir lokun Suð-vestur flugbrautar, svokallaðar neyðarbrautar, Reykjavíkurflugvallar. Með lokun brautarinnar er lengdur sá tími sem tekur að koma íbúum landsins undir læknishendur í neyðartilfellum þar sem hver mínúta getur skipt máli. Lokun brautarinnar er því aðför að öryggi og heilsu íbúa

landsbyggðarinnar og allra þeirra sem ferð eiga um landið og þurfa að reiða sig á bráðaþjónustu Landspítalans.

7. **Lækkunar afurðaverðs til bænda**

Byggðarráð Húnaþings vestra lýsir yfir þungum áhyggjum vegna ákvarðana sláturleyfishafa um 8 – 12% lækkun á afurðaverði til sauðfjárbænda í yfirstandandi sláturtíð. Rekstur afurðastöðva hefur verið þungur um nokkurt skeið og mikilvægt að rekstrargrundvöllur þeirra sé tryggur. Óásættanlegt er að bændur einir skulu þurfa að taka á sig þær aðgerðir en afleiðingar lækkunar afurðaverðs verða ófyrirsjáanlegar og mikið högg fyrir sveitir landsins. Byggðarráð Húnaþings vestra skorar á alla hlutaðeigandi að leita allra leiða til að tryggja sauðfjárbændum ásættanlegt verð fyrir afurðir sínar og styrkja þannig rekstrargrundvöll sauðfjárbúa.

Samþykkt að taka á dagskrá

8. **1609043 Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra.** Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Jóna Halldóra Tryggvadóttir sækir um leyfi til að reka gististað í flokki I (heimagisting) að Hvoli í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:43

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir